


Suðureyri 27/8 2018.



Bæjarráð Ísafjarðarbæjar / formaður bæjarráðs Daníel Jakobsson.

Hollvinasamtök Félagsheimilis Súgfirðinga fer þess á leit við bæjarráð/bæjarstjórn að við gerð næstu fjárhagsáætlunar verði gert ráð fyrir brýnum endurbótum á áhaldageymslu Félagsheimilisins og úttekt gerð á öðrum nauðsynlegum endurbótum í Félagsheimilinu í samráði við stjórn Hofsú og brýnt er að ráðist verði í verkið sem fyrst.

Hollvinasamtökin/ Hofsú hafa séð um rekstur Félagsheimilisins frá árinu 2009 og komið að ýmsum endurbótum á því með eigin fjáraflafé og einnig fengið góðar gjafir frá einstaklingum og félögum.

Undanfarin ár hefur verið farið út í ýmsar endurbætur s.s. endurnýjun tækja í eldhúsi, búningaöstöðu fyrir leiksvið, keypt ný leiktjöld og tjöld í sal, allir stólar í sal yfirdekkjaðir og nú er verið að ráðast í kaup á 30 borðum í sal þar sem þau gömlu voru orðin ónýtt eða mjög léleg. Á síðasta ári tóku hollvinir sig til og gerðu extra vorþrif á Félagsheimilinu sem sýnir góðan hug fólks til aðal samkomustaðar Súgandafjarðar.

Félagsheimilið þjónar ýmsum viðburðum og er ágætlega nýtt undir samkomur félaga á staðnum og einnig fyrir afmæli, brúðkaup, erfisdrykkjur, leiksýningar, tónleika, dansleiki, Þorrablót og kótilettukvöld Björgunarsveitarinnar Bjargar en síðast en ekki síst Act Alone hátíðarinnar sem hefur verið mjög vel sótt sl.5 ár og er komin til að vera áfram mikið aðdráttarafl fyrir gesti víða að. Áhaldageymslan þar sem borð og stólar eru m.a. geymd í er með ónýtt þak sem lekur víða og borð og stólar liggja þar undir skemmdum sem er óviðunandi þar sem miklar fjárfestingar eru þar undir.

Salernisaðstaðan er löngu orðin léleg og barns síns tíma og ekkert aðgengi fyrir fatlaða við erum því að skoða möguleika á að færa hana í ónýtt pláss í húsinu sem var búningaöstaða þegar leikfimikennsla var í húsinu.

Stjórnin fékk Steinþór Benediktsson húsasmíðameistara til að skoða húsnæðið á dögnum og taldi hann að nauðsynlegt væri að fara strax í viðhaldsframkvæmdir og upp væru komnir myglusveppir vegna raka og leka m.a.

Við í stjórn Hofsú óskum eftir því að vel verði tekið í þessa málaleytan okkar um að Ísafjarðarbær láta fara fram úttekt á þeim hluta hússins sem um ræðir og geri ráð fyrir fjármunum til verksins við gerð næstu fjárhagsáætlunar .

Virðingarfyllst.

F.H. stjórnar. Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður stjórnar Hofsú.